

GJALDSKRÁ

fyrir Gjaldheimtuna ehf.

A. Almennt.

- Innheimtupóknun skal taka mið af þeim fjárhagslegu hagsmunum sem í innheimtu eru.
- Póknun fyrir önnur lögmannsstörf skal taka mið af gjaldskrá Gjaldheimtunnar ehf. um tímagjald, sem í dag er frá kr. 23.000,-
- Allar fjárhæðir eru tilgreindar án vsk.
- Til viðbótar þóknun skv. B. skal gerð krafa um greiðslu alls útlagðs kostnaðar á hverjum tíma auk vaxta af útlögðum og áföllnum kostnaði.

B. Innheimtupóknanir.

- Meginreglan er að við skráningu innheimtumáls er sent út eitt innheimtubríf með kröfufjárhæð (höfuðstóll og vextir) að viðbættri innheimtupóknun með 10 daga greiðslufresti. Að þeim fresti loknum skal send út greiðsluáskorun vegna mála með beina heimild til aðfarar/nauðungarsölu en öðrum skal vísað til dómstóla.

- Grunngjald innheimtupóknunar er kr. 8.000,00 að viðbættu:

i. 20% af fyrstu	kr. 85.000,00
ii. 15% af næstu	kr. 85.000,00
iii. 12% af næstu	kr. 225.000,00
iv. 10% af næstu	kr. 850.000,00
v. 5% af næstu	kr. 8.000.000,00
vi. 3% af næstu	kr. 50.000.000,00
vii. 2% af því sem umfram er.	

- Fyrir innheimtumál sem stefnt hefur verið fyrir héraðsdóm og lýkur án aðalmeðferðar með áritun, sátt eða greiðslu fyrir eða eftir þingfestingu skal grunngjald þóknunar vera kr. 28.000,00 að viðbættu:

i. 12% af fyrstu	kr. 1.500.000,00
ii. 10% af næstu	kr. 2.000.000,00
iii. 5% af næstu	kr. 9.000.000,00
iv. 3% af því sem umfram er.	

Komi til aðalmeðferðar máls skal gerð krafa um þóknun í samræmi við gjaldskrá Gjaldheimtunnar ehf. um tímagjald.

- Póknun fyrir ritun greiðsluáskorunar, beiðni um aðför, beiðni um nauðungarsölu, kröfulýsingar, afturkallanir, gjaldprotaskiptabeiðni o.s.frv. er kr. 8.000,00. Póknun fyrir frestanir án mætingar er kr. 4.500,00.

5. Þóknun fyrir mót hjá sýslumanni og héraðsdómi er kr. 8.000,00 í hvert sinn nema þegar um að ræða fyrsta mót vegna krafna sem njóta beinna aðfarar og/eða uppboðsheimilda, kyrrsetningar, lögbanns og löggeymslugerða. Í slíkum tilfellum skal þóknun tengd kröfufjárhæð:
- i. Kr. 8.000,00 af fyrstu kr. 50.000,00
 - ii. Kr. 6.500,00 af næstu kr. 50.000,00
 - iii. 0,5 % af næstu kr. 500.000,00
 - iv. 0.25% af því sem umfram er.

C. Uppgjör við kröfuhafa.

1. Meginreglan er að skuldari greiðir innheimtukostnað.
2. Reynist innheimta kröfu árangurslaus greiðir kröfuhafi aðeins útlagðan kostnað félagsins nema að komið hafi til aðalmeðferðar fyrir héraðsdómi, Landsrétti og/eða Hæstarétti. Í slíkum tilfellum er farið að gjaldskrá Gjaldheimtunnar ehf. um tímagjald og skal kröfuhafa gerð grein fyrir hugsanlegum kostnaði og/eða samið um slíkan kostnað sérstaklega í hvert sinn.
3. Allir sérsamningar við kröfuhafa sem veita frávik frá 1-2, skulu vera skriflegir. Hér er átt við heimildir til afturköllunar með afslætti af kostnaði, lágmarkskostnað við fyrsta bréf (millinnheimtustig), niðurfellingar o.s.frv.
4. Sé innheimtan fyrir erlendan aðila skal kröfuhafi greiða 5% af kröfufjárhæðinni til viðbótar innheimtupóknun skv. B.

Gjaldskrá þessi tekur gildi í dag og fellur gjaldskrá frá 3. janúar 2014 þá úr gildi.

Reykjavík, 5. janúar 2018.

f.h. Gjaldheimtunnar ehf.

Davíð B. Gíslason hdl.
framkvæmdastjóri